



1184. stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 20. febrúar 2019, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Ragnar Þór Ingólfsson, Agnes Erna Estherardóttir, Arnþór Sigurðsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Birgir Már Guðmundsson, Dóra Magnúsdóttir, Elizabeth Ann Courtney, Friðrik Boði Ólafsson, Guðrún Björg Gunnarsdóttir, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Sigmundur Halldórsson, Sigurður Sigfússon, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Gestur: Viðar Ingason hagfræðingur VR

Dagskrá:

1. Fundargerð 1183. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar.

Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1183. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. Staðan á kjaraviðræðum

Ragnar Þór sagði frá því að nú strax að loknum stjórnarfundum væri fundur í trúnaðarráði þar sem hann myndi kynna stöðuna í kjaraviðræðum en á síðasta fundi með ríkissáttasemjara hafi verið lýst yfir að tilboð SA væri óásættanlegt og ekki hægt að ganga að því. Við gerðum þeim gagntilboð sem þeir höfnuðu á sama fundi.

Umræður.

Viðar Ingason hagfræðingur VR sem var gestur fundarins og Stefán framkvæmdastjóri fóru nú yfir á slæðum greiningu á tilboðum SA og stjórnvalda.

Umræður.

Að loknum umræðum sagði Ragnar Þór að þótt staðan væri þessi hefði þó náðst árangur í mörgu af því sem snýr að húsnæðismálum og málum tengdum lífeyrissjóði. Þar glittir í lausn og einnig er varðar fjármögnun á húsnæðisfélaginu Blæ þar sem SA hefur samþykkt okkar tillögu að aðferðafræði fjármögnunar.

En við þurfum að taka ákvörðun um tilboð stjórnvalda sem Viðar var að kynna. Að mati Ragnars Þórs mun þetta brenna upp og ekki ásættanlegt, hann hafi t.d. fengið mörg dæmi um mikla hækkun á húsaleigu oph. Það væri móðgun við félagsmenn að setja þetta tilboð í atkvæðagreiðslu og mun hann



óska eftir umboði til að lýsa yfir árangurslausum viðræðum og slíta þeim.

Umræður.

Guðrún Björk mætti hér til fundar kl. 18:08

Ragnar Þór bar nú upp til atkvæða þá ósk sína að fá heimild til þess að lýsa yfir árangurslausum viðræðum í yfirstandandi kjaraviðræðum.

Samþykkt.

9 sögðu já, enginn á móti. Þegar kallað var eftir því hverjir sætu hjá gáfu 3 merki um það.

Fundi slitið kl. 18:35

Árni Leósson, fundarritari